

Miðvikudaginn 26. febr. 1936.

Nr. 132/1935. **Valdstjórnin** (Sveinbjörn Jónsson)

gegn

**Einari Pálma Einarssyni**

(Th. B. Líndal).

Ölvun á almannafæri.

*Dómur lögregluréttar Reykjavíkur 28. sept. 1935:* Kærður, Einar Pálmi Einarsson, greiði 300 króna sekt til Menningsjóðs.

Sektin greiðist innan mánaðar frá lögbirtingu dóms þessa en afplánist ella með einföldu fangelsi í 24 daga.

Kærður greiði og allan kostnað sakarinnar.

Dómi þessum skal fullnægja með aðför að lögum.

#### **Dómur hæstaréttar.**

Með skírskotun til forsendna hins áfrýjaða lögregluréttardóms, þykir mega staðfesta hann, þó þannig, að greiðslufrestur sektarinnar ákveðst 4 vikur frá birtingu dóms þessa.

Samkvæmt þessu verður að dæma kærða til að greiða allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda fyrir hæstarétti, kr. 50.00 til hvors.

Það athugast við hegningarvottorð kærða, sem greint er í lögregluréttardóminum, að dómi aukaréttar Reykjavíkur, uppkveðnum 14. des. 1934, var breytt með dómi hæstaréttar, uppkveðnum 1. apríl 1935, þannig, að kærður í máli þessu var þá aðeins dæmdur fyrir brot gegn 10. gr. laga nr. 51 frá 1928 í 2 mánaða fangelsi við venjulegt fanga-  
viðurværi, og að sekt sú, sem kærður var dæmdur í með dómi lögregluréttar Reykjavíkur, uppkveðnum 4. ágúst 1935, var með dómi hæstaréttar, uppkveðnum 20. janúar 1936, hækkuð upp í kr. 300.00.

Því dæmist rétt vera:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður, þó þannig að greiðslufrestur sektarinnar ákveðst 4 vikur frá birtingu dóms þessa. Kærði, Einar Pálmi Einarsson, greiði alla áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin máflutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda fyrir hæstarétti, hæstaréttarmáflutningsmannanna Sveinbjarnar Jónssonar og Theódórs B. Líndal, kr. 50.00 til hvors.

Dóminum skal fullnægja með aðför að lögum.

Forsendur hins áfrýjaða dóms hljóða svo:

Mál þetta er af valdstjórnarinnar hálfu höfðað gegn Einari Pálma Einarssyni, til heimilis Óðinsgötu 17 hér í bæ, fyrir brot á áfengislögum nr. 33 1935, og lögreglusamþykkt Reykjavíkur nr. 2 1930.

Kærður hefir áður svo kunnugt sé sætt eftirfarandi refsingum:

1929 15. sept. Sætt 50 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.

1930 30. marz. Sætt 50 kr. sekt fyrir samskonar brot.

1930 14. júlí. Sætt 50 kr. sekt fyrir samskonar brot.

1930 15. ágúst. Sætt 50 kr. sekt fyrir samskonar brot.

1931 14. maí. Sætt 50 kr. sekt fyrir samskonar brot.

1931 30. ágúst. Sætt 10 kr. sekt fyrir áflog á almannafæri.

1932 21. marz. Sætt 50 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.

1933 14. júní. Sætt 50 kr. sekt fyrir samskonar brot.

1934 9. marz. Dómur aukaréttar Reykjavíkur. Fangelsi við venjulegt fangaviðurværi í 20 daga, skilorðsbundið, fyrir þjófnað.

1934 19. febr. Sætt 50 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.

1934 19. júní Sætt 500 kr. sekt fyrir áfengislagabrot (áfengissölu).

1934 21. júní Sætt 50 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.

1934 20. ágúst. Sætt 200 kr. sekt fyrir áfengislagabrot.

1934 14. dez. Dómur aukaréttar Reykjavíkur, 3ja mánaða fangelsi við venjulegt fangaviðurværi og 500 kr. sekt fyrir brot gegn 10. gr. laga nr. 51 frá 1928 og 13. gr. 2. mgr. áfengislaganna.

1934 28. dez. Dómur sama réttar, 60 daga fangelsi við venjulegt fangaviðurværi fyrir þjófnað.

1934 30. des. Sætt 50 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.

1935 4. ágúst. Dómur lögregluréttar Reykjavíkur, 200 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.

1935 3. sept. Sætt 25 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.

Aðfaranótt sunnudagsins 21. þ. m. tóku lögregluþjónarnir Geir Sigurðsson og Sig. Ingvarsson kærðan, þar sem hann hékk utan í húsagirðingu á gatnamótum Vita-stígs og Grettisgötu. Var hann áberandi ölvaður og var með einskonar söng eða óhljóð. Kærður neitaði að segja þeim til heimilisfangs síns og fluttu þeir hann því í varðhald.

Með framangreindu athæfi hefir kærður gerst sekur við 18. gr. sbr. 38. gr. áfengisлага og 7. gr. og 9. gr. sbr. 96. gr. lögréglusamþykktar Reykjavíkur.

Refsing kærðs þykir með tilliti til áðurtalinna ítrekana, hæfilega ákveðin 300 króna sekt til Menningar-sjóðs.

Sektin greiðist innan mánaðar frá lögbirtingu dóms þessa, en afplánist ella með einföldu fangelsi í 24 daga. kærður greiði einnig allan kostnað sakarinnar.

Á málinu hefir ekki orðið óþarfa dráttur.